

1996 nr. 146 27. desember**Lög um öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga**

Tóku gildi 30. desember 1996. *Breytt með* l. 62/2005 (tóku gildi 1. júlí 2005), l. 34/2007 (tóku gildi 30. mars 2007), l. 46/2008 (tóku gildi 6. júní 2008), l. 88/2008 (tóku gildi 1. jan. 2009 nema brbákv. VII sem tók gildi 21. júní 2008), l. 29/2009 (tóku gildi 2. apríl 2009), l. 160/2010 (tóku gildi 1. jan. 2011), l. 77/2011 (tóku gildi 29. júní 2011), l. 126/2011 (tóku gildi 30. sept. 2011), l. 131/2011 (tóku gildi 1. jan. 2012), l. 125/2013 (tóku gildi 31. des. 2013) og l. 39/2014 (tóku gildi 1. sept. 2014).

Ef í lögum þessum er getið um ráðherra eða ráðuneyti án þess að málefnavið sé tilgreint sérstaklega eða til þess vísað, er átt við **umhverfis- og auðlindaráðherra** eða **umhverfis- og auðlindaráðuneyti** sem fer með lög þessi.

I. kafli. Gildissvið og skilgreiningar.

■ **1. gr.** Tilgangur laga þessara er að draga sem mest úr hættu og tjóni af raforkuvirkjum, neysluveitum og rafföngum og truflunum af völdum starfrækslu þeirra.

■ **2. gr.** Ákvæði laga þessara ná til virkja og raffanga í landi, en ekki til eigin virkja farartækja, svo sem skipa, flugvéla og bifreiða.

□ Ef ágreiningur verður um það hvort tiltekin virki falli undir lög þessi sker ráðherra úr.

■ **3. gr.** Í lögum þessum hafa eftirfarandi orð merkingu sem hér segir:

Ábyrgðarmaður: Eigandi, umráðamaður eða annar sá sem tilnefndur hefur verið til að annast uppsetningu eða rekstur raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga og ber ábyrgð á lög-mætu ástandi þeirra.

Einkarafstöð: Rafstöð í einkaeign sem er staðbundin og framleiðir rafmagn fyrir neysluveitu og fær ekki rafmagn frá rafveitu.

Innri öryggisstjórnun: Skilgreint eftirlitskerfi til að tryggja að kröfum um gæði vinnu og öryggi búnaðar, sem gerðar eru í samræmi við lög og reglugerðir, sé fullnægt.

Innri öryggisstjórnunarkerfi: Kerfisbundnar ráðstafanir sem tryggja að starfsemi sé samkvæmt öryggiskröfum laga og reglugerða og sönnur eru færðar á með skráningu.

Löggiltur rafverktaki: Sá sem hlotið hefur löggildingu [Mannvirkjastofnunar]¹⁾ til rafvirkjunarstarfa.

Neysluveita: Rafloagn og raflagnabúnaður innan við stofnkassa (eða búnað sem gegnir hlutverki stofnkassa).

Raffang: Hvers konar hlutur sem kemur að gagni við nýtingu rafmagns.

Raforkuvirki: Mannvirki til vinnslu og dreifingar rafmagns.

Rafskoðunarstofa: Faggiltur óháður aðili sem hefur starfsleyfi frá [Mannvirkjastofnun]¹⁾ til að annast skoðanir á raf-tæknisviði.

Rafveita: Fyrirtæki sem framleiðir, flytur, dreifir og/eða selur rafmagn.

Skodun: Faglegt mat á hönnun raforkuvirkja, frágangi þeirra og samsetningu eða þjónustu við þau til að ákvarða samræmi þeirra við kröfur gildandi laga, reglugerða og annarra lögmætra fyrirmæla.

Virki: Samheiti fyrir raforkuvirki og neysluveitur.

Yfirtirlit: Eftirlit með að ákvæðum þessara laga sé fylgt í framkvæmd með fullnægjandi hætti í samræmi við lögin og reglugerðir sem settar eru á grundvelli þeirra.

¹⁾ L. 160/2010, 65. gr.

II. kafli. Öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga.

■ **4. gr.** Raforkuvirki, neysluveitur og rafföng skulu vera þannig úr garði gerð, notuð, þeim haldið við og eftir þeim lit-

id að hætta af þeim fyrir heilsu og öryggi manna og dýra, svo og hætta á umhverfisspjöllum, verði svo lítil sem við verði komið.

□ Raforkuvirki, neysluveitur og rafföng mega ekki hafa í för með sér hættu á tjóni á eignum manna eða hættu á truflunum á starfrækslu rafmagnsbúnaðar sem fyrir er. Sé unnt að afstýra því með öryggisráðstöfunum skulu þær gerðar á kostnað eiganda hins nýja búnaðar. Þó má skylda eiganda eldri búnaðarins til að bera nokkurn hluta kostnaðarins ef framkvæmd öryggisráðstafana er til verulegra hagsbóta fyrir starfrækslu búnaðarins framvegis. Svo má og ákveða að eigandi eldri búnaðarins skuli kosta að nokkru eða öllu leyti öryggisráðstafanir sem framvegis verða hluti af búnaði hans og hans eign ef þær eru nauðsynlegar sökum þess að eldri búnaðurinn hefur verið ófullkomnari eða miður tryggur en venja er til eða krafist er um nýjan búnað á þeim tíma þegar ráðstafanir koma til framkvæmda.

□ Rafföng, neysluveitur og raforkuvirki má því aðeins setja á markað og taka í notkun að hönnun þeirra, gerð og frágangur stofni ekki öryggi manna og dýra, umhverfi eða eignum í hættu þegar þau eru rétt upp sett, þeim við haldið og þau notuð með þeim hætti sem til er ætlast.

■ **5. gr.** Ábyrgðarmenn raforkuvirkja og neysluveitna bera ábyrgð á að þau séu í lögmætu ástandi. Á sama hátt skulu framleiðendur, innflytjendur og seljendur raffanga bera ábyrgð á lögmætu ástandi við sölu þeirra.

□ Í því skyni að tryggja öryggi raforkuvirkja og rekstur þeirra sem frekast er unnt skulu ábyrgðarmenn raforkuvirkja rafveitna og stóriðjuvera, samkvæmt ákvörðun ráðherra, koma upp innra öryggisstjórnunarkerfi með virkjum sem að mati [Mannvirkjastofnunar]¹⁾ uppfyllir skilyrði laga þessara. Einnig skulu rafverktakar koma upp innri öryggisstjórnun með eigin starfsemi sem að mati [Mannvirkjastofnunar]¹⁾ uppfyllir skilyrði laga þessara.

¹⁾ L. 160/2010, 65. gr.

III. kafli. Rafmagnseftirlit.

■ **6. gr.** [[Ráðherra]¹⁾ fer með yfirstjórn mála samkvæmt lögum þessum. Eftirlit með öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga . . . ²⁾ samkvæmt lögum þessum skal vera í höndum [Mannvirkjastofnunar].³⁾ [Mannvirkjastofnun annast markaðseftirlit með rafföngum.]²⁾⁴⁾

□ Hlutverk [Mannvirkjastofnunar]³⁾ á sviði rafmagnsöryggis skal m.a. vera eftirfarandi:

- vera ráðherra til ráðuneytis um rafmagnsöryggismál;
- hafa faglega umsjón með framkvæmd rafmagnsöryggismála;

3. annast löggildingu rafverktaka, veita skoðunarstofum og ábyrgðarmönnum rafveitna starfsleyfi, ákveða viðurlög og beita sviptingum ef skilyrði leyfis eru ekki uppfyllt eða lögboðnar skyldur eru vanræktar;

4. skera úr ágreiningi um öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga, svo og skera úr um til hvaða öryggisráðstafana skuli grípa til að afstýra hættu og hver beri ábyrgð á og kostnað af framkvæmd úrbóta.

□ . . . ²⁾

¹⁾ L. 126/2011, 227. gr. ²⁾ L. 39/2014, 1. gr. ³⁾ L. 160/2010, 65. gr. ⁴⁾ L. 29/2009, 3. gr.

■ **7. gr.** Með reglubundnum hætti skal fara fram skoðun á því hvort raforkuvirki, neysluveitur og rafföng og starfsemi þeirra er hlotið hafa löggildingu eða starfsleyfi [Mannvirkjastofnunar]¹⁾ uppfylli ákvæði þessara laga.

¹⁾ L. 160/2010, 65. gr.

■ **8. gr.** Einstaklingar og lögaðilar sem stofna vilja til reksturs rafskoðunarstofu skulu sækja um starfsleyfi til [Mannvirkjastofnunar].¹⁾ [Til að öðlast slík leyfi skal rafskoðunarstofa vera faggilt í samræmi við lög um faggildingu o.fl., nr. 24/2006.]²⁾

□ Starfsleyfi skulu ná til landsins alls og vera veitt til fimm ára í senn. [Mannvirkjastofnun]¹⁾ getur að undangenginni áminningu svipt rafskoðunarstofu starfsleyfi ef hún fullnægir ekki lengur skilyrðum leyfisins eða vanrækir skyldur sínar.

¹⁾ L. 160/2010, 65. gr. ²⁾ L. 39/2014, 2. gr.

■ **9. gr.** Hlutverk rafskoðunarstofa í eftirliti með vörnum gegn hættu og tjóni af raforkuvirkjum, neysluveitum og rafþöngum skal vera sem hér greinir:

1. að skoða ný og eldri raforkuvirki, og neysluveitur;
2. að skoða innra öryggisstjórnunarkerfi rafveitna og framkvæmd þess;
3. að skoða aðstöðu og búnað rafverktaka;
4. að skoða innra öryggisstjórnunarkerfi rafverktaka og framkvæmd þess;
5. að skoða rafföng og raforkuvirki á markaði.

□ Í þeim tilvikum sem ekki er fyrir hendi faggilt rafskoðunarstofa til þess að annast skoðanir á tilteknu sviði [skal [Mannvirkjastofnun]¹⁾ ...²⁾]³⁾ annast þær og sú starfsemi vera faggilt.

¹⁾ L. 160/2010, 65. gr. ²⁾ L. 39/2014, 3. gr. ³⁾ L. 29/2009, 4. gr.

■ **10. gr.** Starfsmenn [Mannvirkjastofnunar]¹⁾ og starfsmenn rafskoðunarstofa sem hafa starfsleyfi á rafmagnsöryggissviði skv. 8. gr. skulu ætíð hafa óhindraðan aðgang að raforkuvirkjum, neysluveitum, starfsstöðum rafverktaka og rafföngum sem til skoðunar eru hverju sinni og rétt til að taka sýni og gera þær athuganir og rannsóknir sem nauðsynlegar eru taldar í því skyni að varna hættu á tjóni af völdum rafmagns. ...²⁾ Ábyrgðarmenn raforkuvirkja og neysluveitna og rafverktakar, svo og framleiðendur, innflytjendur og seljendur raffanga, skulu veita þá aðstoð og upplýsingar er þörf krefur og óskað er eftir.

¹⁾ L. 160/2010, 65. gr. ²⁾ L. 39/2014, 4. gr.

■ **11. gr.** Telji starfsmenn rafveitna, rafskoðunarstofa eða rafverktaki að tiltekin neysluveita, rafföng eða hvers konar hlutar raforkuvirkja séu varhugaverðir eða uppfylli ekki skilyrði laga þessara skal án tafar senda tilkynningu þess efnis til [Mannvirkjastofnunar].¹⁾ Tilkynning skal einnig send til [Mannvirkjastofnunar]¹⁾ ef skoðunarstofa telur að tiltekinn rafverktaki, starfsmaður rafveitu eða ábyrgðarmaður rafveitu uppfylli ekki ákvæði laga þessara. ...²⁾

□ Berist [Mannvirkjastofnun]¹⁾ tilkynning skv. 1. mgr. þessarar greinar eða verði hún að öðru leyti þess áskynja að hætta kunni að stafa af rafmagnsbúnaði skal stofnunin tafarlaust grípa til þeirra úrræða sem grein þessi mælir fyrir um.

□ Leiði rökstuddur grunur á því að rafmagnsbúnaður uppfylli ekki skilyrði laga þessara eða reglugerða á grundvelli þeirra getur [Mannvirkjastofnun]¹⁾ tímabundið bannað sölu eða notkun á meðan rannsókn fer fram í málinu.

□ Leiði rannsókn [Mannvirkjastofnunar]¹⁾ í ljós að rafmagnsbúnaður uppfylli ekki skilyrði laga þessara eða reglugerða á grundvelli þeirra getur [Mannvirkjastofnun]¹⁾ bannað sölu hans, stöðvað notkun, bannað uppsetningu og krafist niðurtöku og innköllunar.

□ ...²⁾

□ Telji [Mannvirkjastofnun]¹⁾ að einstaklingur eða lögaðili sem starfar samkvæmt leyfi eða löggildingu hennar hafi brotið ákvæði leyfisins eða löggildingarinnar skal stofnunin, áður

en gripið er til leyfissviptingar, senda viðkomandi fyrirmæli þar sem tilgreina skal ávirðingar, benda á leiðir til úrbóta og tilgreina fyrir hvaða tíma framkvæma skuli úrbætur. ...²⁾

□ [Stjórnvaldsáskvarðanir [Mannvirkjastofnunar]²⁾ sem teknar eru á grundvelli laga þessara sæta kæru til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Um aðild, kærufrest, málsmeðferð og annað er varðar kærana fer samkvæmt lögum um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála.]³⁾

□ ...²⁾

□ [Málskot skv. 7. mgr. frestar ekki framkvæmd ákvörðunar. Verða ákvarðanir Mannvirkjastofnunar ekki bornar undir dómstóla fyrir en úrskurður úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála liggur fyrir.]²⁾

□ Nú vill aðili ekki una úrskurði ...²⁾ [úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála]³⁾ og getur hann þá höfðað mál til ógildingar fyrir dómstólum. Mál skal höfðað innan sex mánaða frá því að aðili fékk vitneskju um úrskurð áfrýjunarnefndar eða úrskurðarnefndar. Málshöfðun frestar ekki gildistöku úrskurða nefndanna né heimild til aðfarar.]⁴⁾

¹⁾ L. 160/2010, 65. gr. ²⁾ L. 39/2014, 5. gr. ³⁾ L. 131/2011, 27. gr. ⁴⁾ L. 29/2009, 6. gr.

■ **12. gr.** Starfsmenn [Mannvirkjastofnunar]¹⁾ ...²⁾ og rafskoðunarstofa eru bundnir þagnarskyldu um atriði er þeir fá vitneskju um í starfi sínu og atvinnuleynd hvílir yfir. Það skal þó ekki vera því til fyrirstöðu að [Mannvirkjastofnun]¹⁾ ...²⁾ birti opinberlega upplýsingar um hættuleg raforkuvirki, neysluveitur og rafföng ef bryna nauðsyn ber til söku þess að af hlutum þessum stafar hættu.

¹⁾ L. 160/2010, 65. gr. ²⁾ L. 39/2014, 6. gr.

■ **13. gr.** Ráðherra setur í reglugerð¹⁾ um raforkuvirki ákvæði til varnar hættu og tjóni af rafmagni og til varnar truflunum á starfrækslu raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga sem fyrir eru eða síðar kunna að koma. Jafnframt setur ráðherra nánari ákvæði um framkvæmd laganna.

□ Í reglugerð skal setja ákvæði um:

1. gerð, tilhögun, setningu, starfrækslu og eftirlit með raforkuvirkjum og neysluveitum, svo og öðrum mannvirkjum sem sett eru eða notuð svo nálægt raforkuvirkjum og neysluveitum að tjón, hættu eða tilfinnanleg truflun geti stafað af;

2. framkvæmd og tilhögun yfireftirlits [Mannvirkjastofnunar];²⁾

3. ábyrgð ábyrgðarmanna á ástandi virkja og meðferð þeirra;

4. takmörkun á eða bann við innflutningi, sölu, smíði innan lands og notkun raffanga og einstakra hluta raforkuvirkja eða neysluveitna sem fullnægja ekki settum skilyrðum;

5. skyldur ábyrgðarmanna til þess að tilkynna, gefa skýrslu um og halda skrá yfir raforkuvirki og neysluveitur sem fyrir hendi eru, um ný virki og aukningu og endurbætur eldri virkja;

6. heimild til handa [Mannvirkjastofnun]²⁾ til að láta stöðva um stundarsakir starfrækslu raforkuvirkja eða neysluveitna og rjúfa rafstraum hjá einstökum notendum og fyrirtækjum sem hlíta ekki ákvæðum laga þessara og reglugerða á grundvelli þeirra, svo og svipta þá löggildingu eða starfsleyfi sem gerst hafa brotlegir við lög þessi eða reglugerðir á grundvelli þeirra;

7. innra öryggisstjórnunarkerfi og viðurkenningu [Mannvirkjastofnunar]²⁾ á því, svo og um skyldur ábyrgðarmanna, sbr. 5. gr.;

8. tíðni, umfang og framkvæmd skoðana sem skulu vera

í samræmi við þá hættu sem stafar af gerð raforkuvirkis, neysluveitu eða raffangs, sbr. 7. gr.;

9. eftirlit með raforkuvirkjum, neysluveitum og rafföngum, innfluttum eða smíðuðum innan lands;

10. starfsleyfi tilnefndra ábyrgðarmanna rafveitna, starfsleyfi rafskoðunarstofa, [. . . ³⁾ löggildingu rafverktaka⁴⁾ og um skilyrði sem fullnægja þarf;

11. fræðslu og upplýsingar um hættu af rafmagni og leiðir til að verjast henni;

12. birtingu niðurstaðna skoðana, upplýsinga um slys og tjón og annarra upplýsinga um rafmagnsöryggismál;

13. heimildir [Mannvirkjastofnunar]²⁾ til að setja nánari reglur um tæknilega útfærslu á gerð, tilhögun, eftirliti og starfrækslu raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga, svo og á skoðunaræfendum rafskoðunarstofa og rafverktaka.

□ Í reglugerð er ráðherra heimilt að setja ákvæði um raforkuvirki eða rafföng sem falla ekki undir ákvæði samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, þar með taldar bókanir hans og viðauka.

¹⁾ Rg. 144/1994, sbr. 104/2001. Rg. 678/2009, sbr. 699/2009, 494/2010, 543/2014 og 785/2014. Rg. 397/2012, sbr. 786/2014. ²⁾ L. 160/2010, 65. gr. ³⁾ L. 77/2011, 7. gr. ⁴⁾ L. 46/2008, 1. gr.

■ [13. gr. a. Sá sem vill öðlast A-löggildingu, sem er löggilding til rafvirkjunarstarfa við háspennuvirki, [skal]:¹⁾

1. hafa lokið fullnaðarprófi frá rafmagnsdeild viðurkennds verkfræðiháskóla (sterkstraumssviði) og hafa að auki tveggja ára reynslu við störf sem lúta að hönnun og/eða setningu háspennuvirkja; eða

2. hafa lokið fullnaðarprófi frá rafmagnsdeild viðurkennds tæknifræðiháskóla (sterkstraumssviði) og hafa að auki tveggja ára reynslu við störf sem lúta að hönnun og/eða setningu háspennuvirkja; eða

3. hafa sveinsbréf í rafvirkjun og hafa lokið prófi í rafmagnsiðnfræði (sterkstraumssviði) frá Háskólanum í Reykjavík eða öðrum viðurkenndum skóla og hafa að auki tveggja ára reynslu að loknu sveinsprófi við störf sem lúta að hönnun og/eða setningu háspennuvirkja; eða

4. hafa sveinsbréf í rafvirkjun og hafa lokið prófi í meistaranámi í rafvirkjun (sterkstraumssviði) frá viðurkenndum skóla eða hafa jafngilda menntun að mati [þess ráðuneytis er fer með fræðslumál]²⁾ og hafa að auki tveggja ára reynslu að loknu sveinsprófi við störf sem lúta að hönnun og/eða setningu háspennuvirkja; [eða]¹⁾

[5. ekki hafa verið sviptur löggildingu [Mannvirkjastofnunar]³⁾ til rafvirkjunarstarfa síðustu tólf mánuði].¹⁾⁴⁾

¹⁾ L. 77/2011, 8. gr. ²⁾ L. 126/2011, 227. gr. ³⁾ L. 39/2014, 7. gr. ⁴⁾ L. 46/2008, 2. gr.

■ [13. gr. b. Sá sem vill öðlast B-löggildingu, sem er löggilding til rafvirkjunarstarfa við lágspennuvirki, [skal]:¹⁾

1. hafa lokið fullnaðarprófi frá rafmagnsdeild viðurkennds verkfræðiháskóla (sterkstraumssviði) og hafa að auki tveggja ára reynslu við störf sem lúta að hönnun og/eða setningu lágspennuvirkja; eða

2. hafa lokið fullnaðarprófi frá rafmagnsdeild viðurkennds tæknifræðiháskóla (sterkstraumssviði) og hafa að auki tveggja ára reynslu við störf sem lúta að hönnun og/eða setningu lágspennuvirkja; eða

3. hafa sveinsbréf í rafvirkjun og hafa lokið prófi í rafmagnsiðnfræði (sterkstraumssviði) frá Háskólanum í Reykjavík eða öðrum viðurkenndum skóla og hafa að auki tveggja ára reynslu að loknu sveinsprófi við störf sem lúta að hönnun og/eða setningu lágspennuvirkja; eða

4. hafa sveinsbréf í rafvirkjun og hafa lokið prófi í meistaranámi í rafvirkjun (sterkstraumssviði) frá viðurkenndum skóla eða hafa jafngilda menntun að mati [þess ráðuneytis er fer með fræðslumál]²⁾ og hafa að auki tveggja ára reynslu að loknu sveinsprófi við störf sem lúta að hönnun og/eða setningu lágspennuvirkja; [eða]¹⁾

[5. ekki hafa verið sviptur löggildingu [Mannvirkjastofnunar]³⁾ til rafvirkjunarstarfa síðustu tólf mánuði].¹⁾⁴⁾

¹⁾ L. 77/2011, 8. gr. ²⁾ L. 126/2011, 227. gr. ³⁾ L. 39/2014, 7. gr. ⁴⁾ L. 46/2008, 2. gr.

■ [13. gr. c. Sá sem vill öðlast CA-löggildingu, sem er takmörkuð löggilding til rafvirkjunarstarfa við háspennuvirki, [skal]:¹⁾

1. hafa lokið fullnaðarprófi frá rafmagnsdeild viðurkennds verkfræðiháskóla (sterkstraumssviði) og hafa að auki tveggja ára reynslu við störf sem lúta að hönnun og/eða setningu háspennuvirkja; eða

2. hafa lokið fullnaðarprófi frá rafmagnsdeild viðurkennds tæknifræðiháskóla (sterkstraumssviði) og hafa að auki tveggja ára reynslu við störf sem lúta að hönnun og/eða setningu háspennuvirkja; eða

3. hafa sveinsbréf í rafvirkjun og hafa lokið prófi í rafmagnsiðnfræði (sterkstraumssviði) frá Háskólanum í Reykjavík eða öðrum viðurkenndum skóla og hafa að auki tveggja ára reynslu að loknu sveinsprófi við störf sem lúta að hönnun og/eða setningu háspennuvirkja; eða

4. hafa sveinsbréf í rafvirkjun og hafa lokið prófi í meistaranámi í rafvirkjun (sterkstraumssviði) frá viðurkenndum skóla eða hafa jafngilda menntun að mati [þess ráðuneytis er fer með fræðslumál]²⁾ og hafa að auki tveggja ára reynslu að loknu sveinsprófi við störf sem lúta að hönnun og/eða setningu háspennuvirkja; [eða]¹⁾

[5. ekki hafa verið sviptur löggildingu [Mannvirkjastofnunar]³⁾ til rafvirkjunarstarfa síðustu tólf mánuði].¹⁾

□ Sá sem öðlast hefur CA-löggildingu má einungis starfa við þau raforkuvirki sem heyra undir fyrirtækið sem hann starfar hjá. Fyrirtækið sér honum fyrir búnaði og aðstöðu.⁴⁾

¹⁾ L. 77/2011, 8. gr. ²⁾ L. 126/2011, 227. gr. ³⁾ L. 39/2014, 7. gr. ⁴⁾ L. 46/2008, 2. gr.

■ [13. gr. d. Sá sem vill öðlast CB-löggildingu, sem er takmörkuð löggilding til rafvirkjunarstarfa við lágspennuvirki, [skal]:¹⁾

1. hafa lokið fullnaðarprófi frá rafmagnsdeild viðurkennds verkfræðiháskóla (sterkstraumssviði) og hafa að auki tveggja ára reynslu við störf sem lúta að hönnun og/eða setningu lágspennuvirkja; eða

2. hafa lokið fullnaðarprófi frá rafmagnsdeild viðurkennds tæknifræðiháskóla (sterkstraumssviði) og hafa að auki tveggja ára reynslu við störf sem lúta að hönnun og/eða setningu lágspennuvirkja; eða

3. hafa sveinsbréf í rafvirkjun og hafa lokið prófi í rafmagnsiðnfræði (sterkstraumssviði) frá Háskólanum í Reykjavík eða öðrum viðurkenndum skóla og hafa að auki tveggja ára reynslu að loknu sveinsprófi við störf sem lúta að hönnun og/eða setningu lágspennuvirkja; eða

4. hafa sveinsbréf í rafvirkjun og hafa lokið prófi í meistaranámi í rafvirkjun (sterkstraumssviði) frá viðurkenndum skóla eða hafa jafngilda menntun að mati [þess ráðuneytis er fer með fræðslumál]²⁾ og hafa að auki tveggja ára reynslu að loknu sveinsprófi við störf sem lúta að hönnun og/eða setningu lágspennuvirkja; [eða]¹⁾

[5. ekki hafa verið sviptur löggildingu [Mannvirkjastofnunar]³⁾ til rafvirkjunarstarfa síðustu tólf mánuði].¹⁾

□ Sá sem öðlast hefur CB-löggildingu má einungis starfa við þau raforkuvirki sem heyra undir fyrirtækið sem hann starfar hjá. Fyrirtækið sér honum fyrir búnaði og aðstöðu.⁴⁾

¹⁾ L. 77/2011, 8. gr. ²⁾ L. 126/2011, 227. gr. ³⁾ L. 39/2014, 7. gr. ⁴⁾ L. 46/2008, 2. gr.

■ [13. gr. e. Þeir einir sem hlotið hafa löggildingu [Mannvirkjastofnunar]¹⁾ til rafvirkjunarstarfa skv. 13. gr. a – 13. gr. d mega bera ábyrgð á setningu, breytingu og viðgerðum virkja.]²⁾

¹⁾ L. 160/2010, 65. gr. ²⁾ L. 46/2008, 2. gr.

IV. kafli. Gjaldtaka.

■ 14. gr. Til reksturs rafmagnsöryggismála sem [Mannvirkjastofnun]¹⁾ . . . ²⁾ eru falin samkvæmt lögum þessum skal aflað fjár á eftirfarandi hátt:

1. Vegna yfireftirlits [Mannvirkjastofnunar]¹⁾ með rafveitum skulu rafveitur árlega greiða til stofnunarinnar gjald sem nemur allt að 0,2% af heildartekjum þeirra af raforkusölu og leigu mælitækja, að frádrögnum andvirði aðkeyptar raforku og virðisaukaskatti. Ef eigandi raforkuvers notar sjálfur alla orku sem þar er unnin eða verulegan hluta hennar og hún er ekki mæld eða verðlögð eða ekki er vitað um tekjur af raforkusölu skal hann greiða gjald af áætlaðri notkun. Undanþegin ákvæðum þessa töluliðar er raforkusala til Íslenska álfélagsins hf. og Íslenska járnblendifélagsins hf., svo og til annarra iðjuvera sem undanþegin kunna að verða með lögum.

2. Vegna úrtaksskoðana sem [Mannvirkjastofnun]¹⁾ lætur framkvæma á búnaði rafveitna og skoðana á innri öryggisstjórnun þeirra skulu rafveitur greiða skoðunarkostnað . . . ³⁾

3. Vegna yfireftirlits [Mannvirkjastofnunar]¹⁾ og úrtaksskoðana sem stofnunin lætur framkvæma á búnaði stóriðjuvera sem kaupa eða framleiða raforku sem undanskilin er gjaldtöku skv. 1. tölul. skulu eigendur þeirra greiða skoðunarkostnað . . . ³⁾

Undir gjaldtöku samkvæmt tölulið þessum má fella kostnað við yfireftirlit og skoðanir á einkarafstöðvum.

4. Vegna yfireftirlits [Mannvirkjastofnunar]¹⁾ og þeirra úrtaksskoðana sem stofnunin lætur framkvæma á nýjum neysluveitum og neysluveitum í rekstri og þrátt fyrir ákvæði annarra laga um rafveitur skulu rafveitur árlega greiða til stofnunarinnar gjald sem nemur allt að 0,6% af heildartekjum þeirra af raforkusölu og leigu mælitækja, að frádrögnum andvirði aðkeyptar raforku og virðisaukaskatti.

Undanþegin ákvæðum þessa töluliðar er raforkusala til Íslenska álfélagsins hf. og Íslenska járnblendifélagsins hf., svo og til annarra iðjuvera sem undanþegin kunna að verða með lögum.

5. [Vegna yfireftirlits [Mannvirkjastofnunar]¹⁾ og eftirlits . . . ²⁾ með rafföngum á markaði sem [stofnunin lætur]²⁾ framkvæma skulu innflytjendur og innlendir framleiðendur greiða

eftirlitsgjald af eftirlitsskyldum rafföngum sem má vera allt að 0,15% af tollverði innfluttrar vöru eða af sambærilegum gjaldstofni innlendirar vöru. Ráðherra setur í reglugerð yfirlit yfir tollflokka raffanga sem eru gjaldskyld . . . ²⁾ Undanþegin þessari gjaldtöku eru rafföng sem eru seld úr landi.]³⁾

6. Vegna yfireftirlits [Mannvirkjastofnunar]¹⁾ og þeirra úrtaksskoðana sem stofnunin lætur framkvæma á aðstöðu, búnaði og innri öryggisstjórnun rafverktaka skulu rafverktakar greiða skoðunarkostnað . . . ³⁾

7. [Mannvirkjastofnun er heimilt að láta prófa rafföng innlendra framleiðenda sem sett eru á markað í fyrsta sinn. Framleiðendur greiða Mannvirkjastofnun fyrir slíkar prófanir.]²⁾

8. [Mannvirkjastofnun]¹⁾ . . . ²⁾ er heimilt að láta framkvæma aukaskoðanir eða auka tíðni úrtaksskoðana hjá aðilum sem ítrekað hafa orðið uppvísir að því að uppfylla ekki skilyrði laga þessara eða reglugerða á grundvelli þeirra. Þeir sem slíkar aukaskoðanir beinast að skulu greiða kostnað sem af þeim hlýst . . . ³⁾

□ Ráðherra getur í reglugerð⁴⁾ sett nánari ákvæði um gjöld þessi. Í reglugerð getur ráðherra heimilað rafveitum, eigendum neysluveitna og rafverktökum að semja beint við rafskoðunarstofur um skoðanir skv. 2., 3. og 6. tölul. þessarar greinar.

¹⁾ L. 160/2010, 65. gr. ²⁾ L. 39/2014, 8. gr. ³⁾ L. 29/2009, 8. gr. ⁴⁾ Rg. 678/2009, sbr. 699/2009, 494/2010, 543/2014 og 785/2014.

V. kafli. Ýmis ákvæði.

■ 15. gr. [Ef ekki er farið að ákvörðunum eða fyrirmælum Mannvirkjastofnunar samkvæmt lögum þessum getur hún ákveðið að sá eða þeir sem ákvörðunin beinist gegn greiði dagsektir þar til farið verður að þeim.]¹⁾ Dagsektir geta numið frá 10 til 500 þús. kr. á dag. Ákvörðun um dagsektir skal tilkynnt bréflaga á sannanlegan hátt þeim sem hún beinist að.

□ Ákvarðanir skv. 1. mgr. um að leggja á dagsektir eru aðfararhæfar, svo og sakarkostnaður. Við aðför samkvæmt ákvörðunum um dagsektir skal kveðja gerðarþola fyrir hér- aðsdóm og um málsmeðferð skal fara skv. 13. kafla aðfarar- laga.

□ Öll gjöld og dagsektir samkvæmt lögum þessum má taka lögtaki á kostnað gjaldanda.

¹⁾ L. 39/2014, 9. gr.

■ 16. gr. Með dómi er heimilt að gera upptæk raforkuvirki og rafföng sem framleidd eru, seld, afhent eða notuð andstætt ákvæðum laga þessara, reglugerða og öryggisfyrirmælum [Mannvirkjastofnunar].¹⁾

¹⁾ L. 160/2010, 65. gr.

■ 17. gr. Brot gegn lögum þessum varða sektum. . . .¹⁾

¹⁾ L. 88/2008, 233. gr.

■ 18. gr. . . .¹⁾

¹⁾ L. 29/2009, 10. gr.

■ 19. gr. Lög þessi öðlast þegar gildi. . . .

■ [Ákvæði til bráðabirgða. . . .¹⁾]²⁾

¹⁾ L. 39/2014, 10. gr. ²⁾ L. 29/2009, 11. gr.